



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps
Þriðjudaginn 12. mars 2013, kl. 16.00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Ingvar Samúelsson. Einnig sat fundinn Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri, Steinunn Rasmus fh. kennara grunnskólasviðs og Hallfríður Valdimarsdóttir foreldrafélag grunnskólasvið og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið og óskaði eftir því að eitt mál yrði tekið til kynningar undir önnur mál á fundinum og var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. 1301021 - Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 8. janúar 2013.

Farið yfir fundargerð, fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. 1303006 - Mánaðarskýrsla skólastjóra.

Skólastjóri leggur skýrslu fram á fundi.

Skólastjóri lagði fram og fór yfir skýrsluna.

3. 1303007 – Hálsa á vegi að sundlaug.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 16. janúar 2013.

Nefndin leggur til við hreppsnefnd að erindinu verði vísað til starfsmanna áhaldahúss. Samþykkt samhljóða.

4. 1303008 - Skipurit Reykhólaskóla, breyting.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 20. febrúar 2013.

Nýtt skipurit gerir ráð fyrir deildarstjóra á leikskóladeild. Nefndin leggur til að skipuritið verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

5. 1303009 - Frekari stuðningur við nemanda.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 25. febrúar 2013.

Erindið skráð og bókað í trúnaðarmálabók.

6. 1303010 - Vísun eineltismáls til utanaðkomandi aðila.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 28. febrúar 2013.

Lagt fram.

7. 1303011 - Ráðning húsvarðar við Reykhólaskóla.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 7. mars 2013.

Nefndin tekur jákvætt í erindið og vísar því til hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.

8. 1303012 - Netsamband og tölvumál í Reykhólaskóla.

Erindi frá Áslaugu Guttormsdóttur kennara/ sérkennara í Reykhólaskóla dagsett 15. febrúar 2013.

Erindið lagt fram.

Mál til kynningar:

9. 1303013 - Könnun á íslensku í tölvuheiminum.

Svar skólastjóra við erindi frá mennta og menningarmálaráðuneyti.

Lagt fram.

10. 1303014 - Dagsetning samræmdra prófa í grunnskólum 2013.

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 7. janúar 2013.

Lagt fram.

11. 1303015 - Framkvæmd ytra mats á leik- og grunnskólum.

Tilkynning frá mennta og menningarmálaráðuneyti dagsett 22. janúar 2013.

Lagt fram.

12. 1303016 - Greiðsla fyrir þjónustu talmeinafræðinga.

Erindi frá framkvæmdastjóra fræðslu- og menningarsviðs, skólaskrifstofu Mosfellsbæjar sent á grunn- og skólaskrifstofur á Íslandi.

Lagt fram.

13. 1303017 -130. og 131. fundur skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði.

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver):

14. 1303040 – Rétt málsmeðferð – öruggt skólastarf.

Erindi frá skólastjóra dagsett 11. mars 2013.

Nefndin leggur til að hreppsnefnd samþykki erindið.

Fundargerð lesin, fundi slitið 17:25

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____